

Félag austfirskra kvenna í Reykjavík



Ársskýrsla 2024-2025

Mars 2025

Inngangur

Á aðalfundi Félags austfirskra kvenna í Reykjavík árið 2023 var kosið í stjórn félagsins.

Í stjórn voru því kjörnar, til tveggja ára:

Oddný Vala Kjartansdóttir, formaður

Margrét Friðla Unnarsdóttir, varaformaður

Kristín Ásbjarnardóttir, gjaldkeri

Halla Kjartansdóttir, ritari

Bjarney Aðalheiður Pálsdóttir, meðstjórnandi

Herdís Pétursdóttir, meðstjórnandi

Kristín Hjartardóttir, meðstjórnandi



Stjórn félagsins 2023 – 2025: Halla, Herdís, Kristín Á., Kristín H., Oddný Vala, Bjarney og Margrét.

Starfsemin á milli aðalfunda

Félagið stóð fyrir sex kaffifundum á milli aðalfunda. Fundirnir voru haldnir fyrsta mánudag í apríl, september, október, nóvember og desember árið 2024 og svo í febrúar 2025.

Eins og venjulega var fundarhlé í júní, júlí og ágúst. Einnig var gert fundarhlé í janúar. Mjög góð mæting var á alla fundi félagsins á starfsárinu en veður virtust sérlega válynd á mánudögum í vetur og hömluðu þátttöku þeirra sem yfir heiðar fara til funda.

Haldið var spilabingó á aprílfundinum 2024 og jólahappdrætti á desemberfundinum en þessir viðburðir bæta umtalsverðu við tekjur félagsins til viðbótar við tekjum af hefðbundnum kaffifundum. Vinningarnir voru líka glæsilegir og fjölmargir svo það var til mikils að vinna. Stærsti vinningurinn í jólahappdrættinu var gistinótt á Hótel Örk í tveggja manna herbergi, með morgunverði og kvöldverði á veitingastaðnum Haust, að andvirði 50.000 króna. Gefandi var

fyrirtækið OH flutningar í Hveragerði sem eru í eigu Kristínar Bjarneyjar Ársælsdóttur og Sveins Orra Harðarsonar.

Stjórnarkonur, margar félagskonur, velviljaðir einstaklingar og fyrirtæki gáfu vinninga í spilabingó og jólahappdrætti félagsins. Það er félaginu afskaplega dýrmætt að eiga svona marga að sem sýna félaginu stuðning í verki með ýmsum hætti.

Sem fyrr gáfu félagskonur veitingar á kaffihlaðborð félagsfundanna og gekk vel að manna kaffinefndirnar. Stjórnin fékk Elísabetu Magnúsdóttur til að útbúa brauðtertur á hvern fund til að koma til móts við framlög sjálfboðaliða hverju sinni og gefur hún vinnu sína við tertugerðina. Kann stjórnin henni bestu þakkir fyrir. Stjórnarkonur hafa einnig hlaupið undir bagga með veitingar þegar þess hefur þurft.

Þess má geta að Jóna Svandís Þorvaldsdóttir lánar félaginu hljóðkerfi endurgjaldslaust á alla fundi félagsins og fær hún bestu þakkir fyrir.

Farið var í ferðalag í Borgarfjörðinn í maímánuði. Ekið var að Hraunfossum í Borgarfirði og snæddur hádegisverður í Húsafell Bistró. Húsafellskirkja var skoðuð undir leiðsögn Halldórs á Húsafelli og á heimleiðinni var stansað á Fosshótelinu í Reykholti í kaffi og köku. Ferðin var mjög vel heppnuð en alls tóku 35 konur þátt í henni. Veðrið var gott miðað við árstíma og var mikið sungið í rútunni, eins og vera ber í ferðum sem þessum.

Félagatal

Félagar í félaginu teljast þeir sem greiða árgjald til félagsins ásamt þeim félagskonum sem hafa náð 90 ára aldri og eru því undanþegnar árgjaldi.

Það fjölgar alltaf í félaginu og eru nú 80 konur skráðar í félagið, 67 greiðandi og 13 gjaldfrjálsar. Elstu félagskonurnar í félaginu verða 102 ára á árinu 2025! Geri önnur félög betur!

Fjölmarginir gestir hafa einnig mætt til einstakra funda, án þess að ganga í félagið. Gestum fylgir innkoma í formi aðgangseyris og er þeim vel tekið enda vonandi um framtíðar félagskonur að ræða.

Fjárhagur

Aðgangseyrir að kaffihlaðborði, árgjöld og happdrætti/bingó eru aðal tekjulindir félagsins.

Stærsti hlutinn af tekjum félagsins renna til góðgerðamála, að frádregnum föstum kostnaði félagsins, svo sem salarleigu og kaffikostnaði. Reynt hefur verið af fremsta megni að reka félagið með lágmarkskostnaði.

Minningarsjóður

Sala minningarkorta hefur dregist saman undanfarin ár en alltaf er þó einhver sala á hverju ári.

Sigurbjörg Bjarnadóttir fyrrverandi formaður félagsins hefur haft umsjón með minningarkortasölunni og þeim sjóði og færir stjórnin henni bestu þakkir fyrir.

Stuðningur við starf félagsins

Öll þau sem komu fram á fundum félagsins á milli aðalfunda gáfu sína vinnu. Öll hafa þau tengingar austur á land og sýndu félaginu einstakan velvilja og stuðning með framlagi sínu. Kann félagið þeim öllum innilegar þakkir fyrir.

Þetta eru:

- Benný Sif Ísleifsdóttir, rithöfundur – upplestur
- Elísabet Reynisdóttir, næringarfræðingur – fræðsluerindi um þætti sem stuðlað geta að bættri líðan.
- Hallur Ásgeirsson tónlistarmaður, – tónlistaratriði á aðalfundi
- Hjördís Björg Kristinsdóttir, rithöfundur – ljóðalestur
- Jóna Hallgrímsdóttir - harmonikkuleikur
- Jónína Dagmar Ásgeirsdóttir – jólasaga
- Margrét Sæberg hjá Logy fatnaði – fatasýning og sala
- María Bóel Guðmundsdóttir, söngkona - tónlistaratriði
- Róbert Jóhannsson, fréttamaður og Valdimar sonur hans – erindi um baráttu Róberts við krabbamein, fræðsluþætti Valdimars fyrir börn sem eiga foreldra með krabbamein og starf stuðningsfélagsins Krafts en Róbert situr þar í stjórn.



Góðgerðir félagsins á milli aðalfunda

Þar sem fjárhagur félagsins vænkaðist nokkuð á milli ára lagði stjórnin fram tvær tillögur um styrkveitingar á aðalfundi félagsins í mars 2024.

- Samkvæmt ákvörðun aðalfundar 2024 var veittur 300 þúsund króna styrkur til Krafts, stuðningsfélags. Styrkurinn var afhentur formlega af formanni félagsins 5. apríl í höfuðstöðvum Krafts og var fjallað um það á samfélagsmiðlum félagsins. Félaginu voru færðar hlýjar þakkir fyrir stuðninginn.

- Samkvæmt ákvörðun aðalfundar 2024 voru keyptir blóðþrýstingsmælar og mancettur fyrir um 200 þúsund krónur til heimahjúkrunar á fjórðunum fyrir austan. Búnaðurinn var keyptur og honum komið austur til Heilbrigðisstofnunar Austurlands, skv. samkomulagi. Bárust félaginu kærar þakkar að austan vegna búnaðarins.

Að auki, að tillögu stjórnar, samþykkti septemberfundur 2024 að öll innkoma þess fundar yrði greidd sem styrkur til Jónínu Hörpu Njálsdóttur og fjölskyldu í Neskaupstað sem urðu fyrir miklum missi á árinu. Fjölskyldan er með tengingar í mörg bæjarfélög fyrir austan og þær raunir sem fjölskyldan gekk í gegnum snertu marga Austfirðinga. Greiddu margar fundarkonur hærra gjald inn á fundinn en innheimt var, til stuðnings fjölskyldunni. Styrkurinn var greiddur inn á styrktarreikning fjölskyldunnar.



Stórafmæli félagskvenna

Stjórnin hélt áfram þeim sið að gleðja allar félagskonur, 60 ára og eldri, sem eiga merkisafmæli á milli funda með örlitlum afmælisglaðningi. Hver afmælistkona fékk rós, heklaðan englavæng og hlýjar kveðjur frá félaginu með þökkum fyrir þeirra framlag til félagsstarfsins. Í þeim tilfellum sem ekki tókst að afhenda afmælisglaðninginn á kaffifundum þá heimsótti formaður viðkomandi og afhenti glaðninginn persónulega.





Stefna og markmið

Stjórn félagsins setti sér markmið við upphaf kjörtímabilsins í mars 2023 og hefur orðið nokkuð vel ágengt við að ná þeim markmiðum.

Markmið 1 - Að fjölga félagskonum þannig að þær verði a.m.k. 100 talsins við lok kjörtímabils stjórnarinnar 2023-2025.

Greiðandi félagskonum hefur fjölgað verulega síðustu tvö árin og aldurssamsetning hefur gjörbreyst. Þátttaka í kaffifundum félagsins hefur verið stöðug á tímabilinu þar sem 40-60 konur mæta til kaffifunda félagsins. Ekki vantar nema 20 félagskonur til að ná 100 kvenna markinu og hver veit nema það náist á árinu. Sígandi lukka gefst best og mögulega er það heillavænlegast fyrir félagið að vaxa með hægum en stöðugum hætti svo að það sé vel viðráðanlegt á meðan stoðirnar eru styrktar og stöðugleika náð í starfið.

Vefsíða félagsins og Facebook hafa hjálpað mikið til við að auka vitneskju um félagið og laða að bæði nýjar félagskonur og gesti.

Markmið 2 - Að þétta dagskrá og umgjörð kaffifundanna til að gera starfið faglegra.

Mikil breyting til batnaðar varð á milli ára varðandi mönnun kaffinefnda. Ekki reyndist neitt vandamál á síðasta ári að fá konur til að starfa í nefndinni og voru veitingar glæsilegar á öllum fundum. Stjórnin hefur undirbúning funda í góðum skorðum, fundar reglulega og hefur lagt metnað í undirbúning og framkvæmd funda.

Markmið 3 - Að fara a.m.k. eina skemmtiferð á ári.

Vorferð félagsins var farin í maímánuði. Þetta markmið telst því uppfyllt á árinu 2024.

Markmið 3 - Að auka tekjur félagsins.

Engin hækkun var gerð á árgjaldi og aðgangseyri að kaffifundum á milli aðalfunda enda voru hækkanir gerðar árið áður.

Miðaverð í jólahappdrættinu var hækkað lítillega á milli ára.

Með fjölgun þátttakenda á félagsfundum hefur tekjuflæði félagsins batnað og orðið stöðugra.

Markmið 4 - Að auka fjárframlög til góðgerða, hvort sem er með peningagjöfum eða varningi.

Tekjuaukning ársins 2023 gaf félaginu meira svigrúm til styrkveitinga eins og sést í ársreikningi félagsins. Árið 2023 var einungis veittur einn styrkur að upphæð kr. 100.000 en á árinu 2024 voru veittir styrkir að upphæð 622.500 krónur. Stjórnin telur því að vel hafi gengið að uppfylla þetta markmið.

Markmið 5 - Að finna samstarfsaðila sem leggja vilja góðu málefni lið.

Það hefur gengið mjög vel hjá félaginu að afla vinninga til spilabingós og jólahappdrættis. Félagið fékk veglegan styrk frá Loðnuvinnslnunni vegna aðalfundar 2024 sem nýttist afar vel þar sem reynt er að lágmarka öll útgjöld hjá félaginu til að efla styrkveitingar til góðgerðamála.

Markmið 6 - Að endurnýja búnað og kaupa nýjan búnað sem félagið þarf að eiga fyrir starfsemina, svo sem fyrir fundi og viðburði.

Félagið er nokkuð vel sett með þann búnað sem það þarf til félagsstarfsins. Langtímamarkmið er að það komi sér upp eigin hljóðkerfi fyrir fundina og góðu púlti.

Markmið 7 - Að gera félagið sýnilegra og gegnsærra

Vefsíðan www.austfirskar.is var sett í loftið í september 2023 og félagið hefur verið ágætlega virkt á facebook. Allir viðburðir eru auglýstir á þessum miðlum og má ætla að þeir komi félaginu vel á framfæri og laði að þátttakendum í félagsstarfið. Áætlað er að nýta miðla félagsins enn betur í framtíðinni til að ná til stærri og breiðari hóps.

Markmið 8 - Að tryggja vörslu sögulegra heimilda.

Á vefsíðu félagsins er að finna fundargerðir félagsins frá árinu 2019 og til dagsins í dag, myndir úr starfinu, bæði nýjar og gamlar, upplýsingar um fyrri formenn félagsins, núverandi stjórn og styrkveitingar síðustu ára. Búið er að skanna myndaalbúm frá Sigrúnu Haraldsdóttur og Eddu Lýðsdóttur og birta inni á síðunni. Einnig er þar fréttasafn að finna um það helsta sem gerist í félagsstarfinu.

Reynst hefur erfiðlega að finna tíma til að skanna inn eldri gögn og myndir sem stjórn hefur undir höndum frá fyrri stjórn en áfram er stefnt að því að bæta þar úr um leið og færi gefst. Þegar búið verður að skanna inn gögn félagsins þá er stefnt að því að koma fundargerðarbókum og heimildum frá félaginu til varðveislu á viðeigandi safni til að tryggja að eldri heimildir um félagið glatist ekki.

Markmið 9 - Að besta nýtingu fjár

Unnið er eftir fjárhagsáætlun og reynt er að leita hagkvæmustu leiða við allan rekstur félagsins.

Að lokum

Stjórnin hefur verið samstillt til verka á kjörtímabilinu. Samstarfið hefur gengið afskaplega vel og hefur ýmsu verið áorkað, að mati stjórnar.

Vonandi heldur félagið áfram að vaxa og dafna. Þetta er dýrmætur félagsskapur og skemmtilegur og stjórnin er sannfærð um að það búi einhver sérstakur kraftur í austfirskum konum sem geti fært fjöll, ef þannig ber undir.

Það er hverju samfélagi styrkur að hafa starfandi félag sem þetta, sem leggur hjartað í að styðja þá sem minna mega sín eða heyja baráttu af einhverju tagi.

Stjórn Félags austfirska kvenna í Reykjavík